



## A 1571/præsídiet

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

## Forsætisnefndartillaga um stefnumörkun Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

### 1. Tillaga nefndarinnar

Forsætisnefnd leggur til

að hjálögð stefnumörkun Norðurlandaráðs í alþjóðamálum verði samþykkt

### 2. Baggrund

Nordisk Råd vedtog på sessionen i 2009 en EU-strategi, der på sessionen i 2011 blev vedtaget som opdateret EU-strategi for Nordisk Råd: *"En nordisk stemme i EU"*. På sessionen i 2011 blev yderligere vedtaget *"Retningslinjerne for Nordisk Råds samarbejde 2012-2015 med Statsduma og Føderationsråd i Rusland samt med regionale parlamenter i Nordvest Rusland"*. Den internationale strategi sammenfatter yderligere prioriteringer i forhold til andre dele af Nordisk Råds udadvendte virksomhed.

### 3. Høring

Den internationale strategi for Nordisk Råd har været behandlet flere gange i Præsídiet. Yderligere er udkast til strategien sendt til udvalgene til orientering.

### 4. Sjónarmið forsætisnefndar

Norðurlandaráð vill láta til sín taka í utanríkis- og varnarmálum og efla starf sitt á alþjóðlegum vettvangi. Norðurlönd geta einkum verið atkvæðamikil í Norður-Evrópu og á Norður-Atlantshafssvæðinu. Markmiðið er að byggja á alþjóðlegum samböndum til að efla samstarfið, með pólitískar aðgerðir fyrir augum.

Norðurlandaráð vill, ef unnt er, gera norrænt utanríkis- og varnarmálasamstarf að þætti í formlegu samstarfi ríkisstjórnanna á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Norðurlandaráð vill efla þátttöku sína í ESB, einkum gagnvart norrænum þingmönnum Evrópuþingsins. Á þemaþinginu í mars 2012 var settur fram fjöldi norrænna stefnumála um málefni norðurskautssvæðisins. Á öðrum sviðum, eins og varðandi tengslin við rússnesku þjóðþingin og samstarfið á Eystrasaltssvæðinu, er samstarfið komið á það stig að ekki er þörf á að skapa ný tengsl, heldur að dýpka pólitískt samstarf. Í stefnumörkuninni er farið yfir það hvernig Norðurlandaráð hyggst forgangsraða starfseminni út á við.

## 5. Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu leggur forsætisnefndin til

að hjálögð stefnumörkun Norðurlandaráðs í alþjóðamálum verði samþykkt

Gautaborg, 26. september 2012

*Bertel Haarder (V)*

*Cristina Husmark Pehrsson (M)*

*Helgi Hjörvar (A)*

*Juho Eerola (Saf)*

*Karin Åström (S)*

*Kimmo Sasi (saml)*

*Marit Nybakk (A)*

*Per-Kristian Foss (H)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Silvia Modig (vänst)*

*Simo Rundgren (cent)*

*Åsa Torstensson (C)*

Norðurlandaráð

**A 1571/præsídiet**

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

Fylgiskjal:

Norðurlandaráð

**A 1571/præsídiet**

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnúmörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

## **Stefnumörkun Norðurlandaráðs í alþjóðamálum Norðurlönd sem öflugur þátttakandi í Norður-Evrópu og á Norður- Atlantshafssvæðinu**

### **Markmið**

Norðurlandaráð lætur utanríkis- og varnarmál til sín taka og hefur hug á efla alþjóðlegt starf sitt. Norðurlönd geta einkum verið atkvæðamikil í Norður-Evrópu og á Norður-Atlantshafssvæðinu. Markmiðið er að byggja á alþjóðlegum samböndum til að efla samstarfið, með pólitískar aðgerðir fyrir augum.

Norðurlandaráð vill, ef unnt er, gera norrænt utanríkis- og varnarmálasamstarf að þætti í formlegu samstarfi ríkisstjórnanna á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, svo málaflokkurinn fái þann sess sem honum ber í norrænni samvinnu. Norðurlandaráð vill efla þátttöku sína í ESB, einkum gagnvart norrænum þingmönnum Evrópuþingsins. Á þemaþinginu í mars 2012 var settur fram fjöldi norrænna stefnumála um málefni norðurskautssvæðisins. Á öðrum sviðum, eins og varðandi tengslin við rússnesku þjóðþingin og samstarfið á Eystrasaltssvæðinu, er samstarfið komið á það stig að ekki er þörf á að skapa ný tengsl, heldur að dýpka pólitískt samstarf. Í stefnumörkun þessari er farið yfir það hvernig Norðurlandaráð hyggst forgangsraða starfseminni út á við.

### **Leiðir**

Alþjóðlegt samstarf fer fram á sameiginlegum fundum, með gagnkvæmri þátttöku í viðburðum, námsáætlunum og með því að nota tengslanet þjóðþinganna einnig í öðrum svæðisbundnum samtökum. Með samstarfi við svæðisbundin samtök þjóðþinga þar sem Norðurlandaráð tekur þátt (Eystrasaltið, Norðurskautið, Barentssvæðið, Norðlæga víddin), vill Norðurlandaráð vinna að sameiginlegum pólitískum markmiðum.

Forsætisnefndin ber meginábyrgð á starfsemi Norðurlandaráðs út á við, en fagnefndirnar ættu að taka meiri þátt, þar sem markmið alþjóðlegra tengsla er að miðla reynslu og læra af góðum aðferðum (*best practice*) hvers annars.

### **Utanríkis- og varnarmál**

#### **Markmið**

Norðurlandaráð leitast við að auka áherslu á utanríkis- og varnarmál. Samstarf norrænna utanríkis- og varnarmálaráðherra er nánara, einkum í kjölfar Stoltenberg-skýrslunnar frá 2009 og Gade-Birkav-skýrslunnar frá 2010 um samstarf Norðurlanda og Eystrastaltsríkjanna.

Norrænt samstarf á sviði varnarmála, NORDEFKO, hefur verið eflt með áherslu á þemu eins og „grænar varnir“, samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins og sameiginleg norræn verkefni um hergögn, menntun og æfingar.

Samfélagsöryggi komst með dapurlegum hætti aftur í sviðsljósið vegna atburðanna í Noregi þann 22. júlí 2011. Efla ber formlegt norrænt samstarf ríkisstjórna á þessu sviði. Öll norrænu löndin taka einnig þátt í þróunarmálum, dæmi um það er samstarf á vettvangi Norræna þróunarsjóðsins (*Nordic Development Fund*). Tillögur um formlegt norrænt

samstarf að utanríkismálum hefur þó ekki hlotið hljómgrunn. Formleg ráðherranefnd væri besta framtíðarlausnin. Alla vega ætti að vera fyrir hendi „fyrirkomulag“ sem eykur formlega aðkomu þingmanna sem eru fulltrúar í Norðurlandaráði að ferlinu kringum aukið samstarf um utanríkis- og varnarmál.

Norðurlandaráð

## A 1571/præsídiet

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

### Leiðir

Norðurlandaráð á samræður við norrænu utanríkisráðherrana á óformlegum fundum í tengslum við ársþing Norðurlandaráðs og í kjölfar þeirra fara fram þingumræður um utanríkismál. Nú er reynt að styrkja þetta samráð með vorfundi milli forsætisnefndar Norðurlandaráðs og skýrslugjafa um öryggismál og utanríkisráðherra formennskulandsins. Svipaða fundi má einnig halda með þeim varnarmálaráðherra sem fer með formennsku í varnarmálasamstarfi Norðurlanda, NORDEFKO.

Norðurlandaráð styrkir nú samráð við Norrænu ráðherranefndina um starfsemi hennar í Norður-Evrópu og á Norður-Atlantshafssvæðinu. Norðurlandaráð kallar einnig eftir frekara samráði um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar gagnvart Evrópusambandinu, og verður árleg skýrsla um það lögð fram þegar fjallað verður um utanríkismál á þinginu. Norðurlandaráð á að vera virkur þátttakandi í umræðum um utanríkismál á Norðurlöndum með atbeina forsætisnefndar og skipaðra skýrslugjafa.

## ESB - einkum Evrópuþingið

### Markmið

Norrænt samstarf á vettvangi ESB verður æ mikilvægara. Norðurlönd eru hluti af Evrópu og öll norrænu löndin eiga annað hvort aðild að ESB eða EES. Norrænt samstarf er ekki í samkeppni, heldur kemur það til viðbótar sem svæðisbundið samstarf í álfunni. Norrænu ríkin geta haft meiri áhrif á vettvangi ESB ef samstarf um tillögur á vettvangi sambandsins verður eft.

### Leiðir

Á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1.-3. nóvember 2011 var ESB-áætlun Norðurlandaráðs, „Rödd Norðurlanda í ESB“, samþykkt, en þar er bent á leiðir til að hafa áhrif. Velja þarf málefni sem hafa sérstaka norræna þýðingu og Norðurlönd geta haft áhrif á með sameiginlegri stefnu í samráði við norræna þingmenn Evrópuþingsins.

Allar nefndir ættu að taka afstöðu til valinna mála sem eru á dagskrá ESB og skipta máli fyrir Norðurlönd í heild. Nefndirnar ákveða hvort þeim skuli fylgt eftir með fundum, skriflegum erindum eða öðrum aðgerðum - einkum varðandi norræna þingmenn Evrópuþingsins. Einnig ætti að koma á sambandi við ESB-nefndir norrænu landanna og viðkomandi fagráðherra í Norrænu ráðherranefndinni um valin efni sem varða sameiginlega norræna hagsmuni. Flokkahóparnir gegna mikilvægu hlutverki í Evrópuþinginu svo það kæmi sér vel að efla tengsl milli norrænna og evrópskra flokkahópa. Hvetja þarf fulltrúa í Norðurlandaráði til að nýta sér þá þjónustu sem sendifulltrúar þjóðþinganna hjá Evrópuþinginu og fastanefndir landanna í Brussel bjóða upp á.

## Samstarf um málefni Norðurskautsins

### Markmið

Norðurlandaráð kaus að gera stefnu um málefni Norðurskautsins að þema fyrir þingið í Reykjavík í mars 2012 og samstaða var um að efla samstarf um málefni Norðurskautsins, m.a. með tillögu um sameiginlega stefnumörkun. Norðurlönd hafa ekki í hyggju að koma fram sem blokk í Norðurskautsráðinu. Norðurlandaráð vill þó standa vörð um norræna áherslu á stór viðfangsefni á sviði umhverfis, rannsókna og menntunar, ásamt kröfum til atvinnulífsins þegar Kanada tekur við formennsku í

Norðurskautsráðinu árið 2013, eftir að þrjú norræn lönd hafa farið með formennsku í samfelld sex ár.

### Leiðir

Verkefnið er að fylgja eftir umfjöllun norrænu ríkisstjórnanna og Norrænu ráðherranefndarinnar um ný tilmæli um stefnu í málefnum Norðurskautsins. Áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í SCPAR, fastanefnd þingmannaráðs norðurslóða, þarf að styðja við viðleitni til að byggja upp enn nánara samstarf þingmanna um brýn viðfangsefni á norðurslóðum.

Vestnorræna ráðið og Norðurlandaráð eiga áheyrnarfulltrúi í SCPAR, fastanefnd þingmannaráðs norðurslóða. Því er áherslan á málefni Norðurskautsins sameiginleg og samstarf við Vestnorræna ráðið er því einnig þáttur í starfsemi á alþjóðavettvangi. Vestnorræna ráðið styður einnig við tengsl við nágretta Norðurlanda í vestri, einkum Kanada. Norræna ráðherranefndin hefur einmitt tekið fyrstu skrefin til að stofna til sameiginlegra verkefna. Í nóvember 2006 undirritaði Norðurlandaráð sérstakan samstarfssamning við Vestnorræna ráðið og hefur það tengt þingmannasamtökin tvö nánari böndum.

### Norðlæga víddin, samstarf við þjóðþing í Rússlandi og Barents-samstarfið

#### Markmið

Norðurlandaráð á að taka þátt í að þróa tengsl þjóðþinganna á vettvangi Norðlægu víddarinnar. Meginmarkmið samstarfs við þjóðþingin í Rússlandi eru:

- að styðja við friðsamlega og lýðræðislega þróun á svæðinu
- að efla gagnkvæman skilning á miðlægum viðfangsefnum í alþjóðamálum
- að miðla hugmyndum og skiptast á reynslu

Samstarf Norðurlandaráðs við Ríkisdómuna (neðri deild þingsins) og Sambandsþingið (efri deild þingsins) í Rússlandi og við héraðsþing í Norðvestur-Rússlandi hefur þróast á jákvæðan hátt undanfarið ár. „Áætlun um samstarf Norðurlandaráðs 2012-2015 við Ríkisdómuna og Sambandsþingið í Rússlandi og við héraðsþing í Norðvestur-Rússlandi“ sem samþykkt var á Norðurlandaráðsþingi 2011 kveður á um að Norðurlandaráð haldi áfram því samstarfi við rússneska þingmenn sem komið hefur verið á, og leitist við að efla það með því að leggja frekari áherslu á fagleg þemu fjögurra samstarfsverkefna Norðlægu víddarinnar. Miðlægt markmið samstarfsins er að styðja við lýðræðisþróun í Rússlandi. Meðal ápreifanlegra markmiða er að bæta lífríki Eystrasaltsins og að efla menningartengsl yfir landamærin.

#### Leiðir

Samstarfið fer fram með námsáætlunum, hringborðsumræðum og á vettvangi fyrir unga stjórnámamenn. Þingmannasamtök Norðvestur-Rússlands (PANWAR) hafa þegar skipulagt námsferðir til Norðvestur-Rússlands á tímabiliinu 2012-2015, og því samþykkti Norðurlandaráð að gera sambærilega áætlun til fjögurra ára. Það er því búið að ákveða hvaða lönd eiga að skipuleggja árlegar hringborðsumræður og árleg málþing fyrir unga stjórnámamenn fram til ársins 2015.

Aukið tvíhliða samstarf mun jafnframt efla önnur svæðasamtök þegar stjórnámamenn Norðurlandaráðs byggja upp tengslanet við rússneska þingmenn. Undanfarið 20 ár hefur Norðurlandaráð byggt upp samstarf við rússneska þingmenn í svæðisbundnum samtökum, þ.á.m. Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins, BSPC, Fastanefnd þingmannaráðs norðurslóða í SCPAR, tengslanet þingmanna á Barentssvæðinu ásamt þingmannasamstarfi innan Norðlægu víddarinnar.

Norðurlandaráð

### A 1571/præsídiet

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

Nefndir Norðurlandaráðs taka þátt í samstarfssviðunum fjórum; menningarmál, félagsleg vellíðan og lýðheilsa, umhverfismál og samgöngur og skipulagsmál.

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð fylgist með endurskoðun áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Rússland, sem væntanlega verður fjallað um á Norðurlandaráðsþingi árið 2013.

**A 1571/præsídiet**

## **Eystrasaltssamstarf og samstarf við Eystrasaltsríkjaráðið**

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

### **Markmið**

Norðurlönd eiga að vera sameinandi afl í Norður-Evrópu og sérstaklega á Eystrasaltssvæðinu. Með því má beina þróun innan ESB í átt að norrænum gildum, þar á meðal góðum samskiptum við önnur lönd á svæðinu. Áætlun ESB um málefni Eystrasaltssvæðisins styrkir samstarfið, og Norðlæga víddin nær einnig til nágrannalandsins Rússlands við landamæri ESB til austurs. Norðurlandaráð leitast því við að byggja brýr með því að draga úr óþarfa togstreitu milli innri stefnu ESB í málefnum Eystrasaltssvæðisins og Norðlægu víddarinnar sem nær út fyrir ESB.

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

### **Leiðir**

Norðurlandaráð er í nánú sambandi við þingmenn frá Eystrasaltsríkjunum, einkum gegnum Eystrasaltsríkjaráðið sem er stofnað að fyrirmynd Norðurlandaráðs. Norðurlandaráð kom á fót samstarfi við þingmenn Eystrasaltsríkjanna þegar í október 1990, þ.e. áður en Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt árið 1991.

Þegar Eystrasaltsríkin urðu aðilar að NATO og ESB árið 2004 var kominn tími til samstarfs á jafnréttisgrundvelli. Evrópskt samstarf dregur ekki úr mikilvægi þess að viðhalda sérstaklega nánú sambandi við grannsvæðin. ESB getur þvert á móti verið miðlægt í samstarfi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsríkjaráðsins, og er þar að vænta sameiginlegra verkefna á árinu 2013. Einnig ætti að dýpka samstarfið á öðrum sviðum þar sem Norðurlandaráð og Eystrasaltsríkjaráðið hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta.

BSPC (Þingmannaráðstefna Eystrasaltssvæðisins) er samstarfsvettvangur þingmanna á öllu Eystrasaltssvæðinu. Norðurlandaráð treysti samstarf þingmanna á Eystrasaltssvæðinu í apríl 1992 þegar það átti frumkvæði að því fylgja eftir fyrstu ráðstefnunni um þingmannasamstarf á Eystrasaltssvæðinu í Finnlandi í janúar 1991.

Aðrar mikilvægar stofnanir á svæðinu eru NIB, Norræni fjárfestingarbankinn, og NEFCO, Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, en þær hafa veitt umtalsverðum fjárhæðum m.a. til að hreinsa Eystrasaltið. Þar var markvissum aðgerðum hrint í framkvæmd.

Eins og áður segir er Rússland mikilvægur þátttakandi í samstarfi um málefni Eystrasaltsins. Undanfarin ár hafa Pólverjar og Þjóðverjar látið í ljós áhuga á nánara samstarfi við Norðurlönd. Pólverjar hafa lýst vilja sínum til nánara samstarfs við Norðurlönd og m.a. hefur sameiginlegt sendiráð í Berlín átt frumkvæði að nánari tengslum milli Þýskalands og Norðurlanda. Stóru löndin, Pólland og Þýskaland, eru í öðrum flokki en Norðurlönd og Eystrasaltsríkin sem eru lítil lönd, en Norðurlandaráð fylgist grannt með möguleikum á tvíhliða samstarfi og eins því hvernig megi efla samstarf um málefni Eystrasaltssvæðisins. Það síðastnefnda gerist að hluta til innan ramma Eystrasaltsáætlunar ESB en þar tekur Norræna ráðherranefndin þátt í fjölda verkefna.

Norðurlandaráð fylgist með endurskoðun áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Eystrasaltsríkin sem væntanlega verður fjallað um á Norðurlandaráðsþingi árið 2013. Norðurlandaráð

fylgist einnig með því hvernig skýrslunni um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) er fylgt eftir.

Norðurlandaráð

## Hvíta-Rússland

### Markmið

Allt frá árinu 2007 hefur Norðurlandaráð átt í viðræðum við bæði stjórnmalamenn stjórnarandstöðunnar, sem á ekki fulltrúa á þjóðþinginu eins og er, og við stjórnmalamenn sem sitja á þjóðþinginu í Hvíta-Rússlandi. Eystrasaltsríkjaráðið hefur tekið þátt í þessu samstarfi. Markmiðið er að stuðla að samræðum milli fulltrúa þjóðþingsins í Minsk og stjórnarandstöðunnar, sem er utan þings, og stuðla með því að lýðræðisþróun sem færir Hvíta-Rússland nær Eystrasaltssvæðinu. Í kjölfar forsetakosninganna í desember árið 2010 hefur lýðræði í Hvíta-Rússlandi átt undir högg að sækja og því er áframhaldandi stuðningur og tengsl við stjórnarandstöðu og aðra hópa sem vinna að mannréttindamálum nauðsynlegur.

### Leiðir

Samstarfið fer fram með samráðsfundum og hringborðsumræðum. Á tímabilinu 2007-2010 skipulagði Norðurlandaráð í samstarfi við Eystrasaltsríkjaráðið ferner hringborðsumræður með þátttöku stjórnmalamanna frá Hvíta-Rússlandi, bæði fulltrúa stjórnarandstöðuflokka og flokka sem eiga sæti á þjóðþinginu í Minsk. Síðustu hringborðsumræðurnar fóru fram í Minsk árið 2010. Í júní 2008 sótti umhverfisnefnd Norðurlandaráðs Hvíta-Rússland heim. Þá var sjónum beint að afleiðingum kjarnorkuslyssins í Tjernóbyl þar sem svæði í suðurhluta Hvíta-Rússlands urðu illa úti. Áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs fylgdist með þingkosningunum í september 2008.

Í kjölfar forsetakosninga árið 2010 versnaði ástandið í Hvíta-Rússlandi svo enn er ekki ljóst hvaða starfsemi hægt er að skipuleggja í framtíðinni. Eftir þingkosningar í september 2012 er það enn óljóst. Haustið 2011 var haldið málþing í Vilnús með þátttöku fulltrúa stjórnarandstöðu og mannréttindasamtaka. Í samstarfi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsríkjaráðsins verður haldið annað málþing í Vilnús. Það ræðst af ástandinu í Hvíta-Rússlandi hvort fulltrúar þjóðþingsins í Minsk, sem eru ekki á svörtum-lista ESB, geta tekið þátt á komandi málþingum. Tillaga um skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Minsk hefur verið lögð til hliðar. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Litháen tekur þó þátt í starfsemi gagnvart Hvíta-Rússlandi, einkum um útlagaháskólann EHU (European Humanities University).

## Önnur alþjóðatengsl

### Markmið

Undanfarin ár hefur meginstarfsemi Norðurlandaráðs á sviði alþjóðamála fjallað um fyrrnefnd málefni, en það hefur einnig tengsl við önnur samtök þjóðþinga. Öflugast hefur samstarfið verið við grannsvæði á Norður-Atlantshafsvæðinu og í Norður-Evrópu, en sumar nefndanna hafa einnig tengsl við t.d. stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Faglegt vægi ræður úrslitum um hvað tengsla nefndirnar hafa kosið að stofna til.

### Leiðir

Samskiptin við umheiminn geta verið með ýmsum hætti. Í sumum tilvikum skiptir mestu að taka til máls á Norðurlandaráðsþingum eða öðrum mikilvægum fundum. Í öðrum tilvikum er nauðsynlegt að skiptast oft á upplýsingum og yfirlýsingum, og í enn öðrum tilvikum er mikilvægt að viðhalda nánnum tengslum til að samræma sjónarmið og pólitískar aðgerðir. Í öllum tilvikum mætti útnefna skýrslugjafa til að fylgja stefnumörkun í alþjóðamálum eftir. Því nánar sem samstarfið þróast með

## A 1571/præsídiet

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnumörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1

völdum samstarfsaðilum, því meiri þörf er fyrir virka skýrslugjafa eða áheyrnarfulltrúa forsætisnefndar og fagnefnda.

Í Norður-Evrópu hefur Norðurlandaráð eftt samstarf við þing Benelúx-landanna og hefur undanfarin ár verið í sambandi við bresk-írsku þingmannasamtökin (*British Irish Parliamentary Assembly, BIPA*). Eftir að efnahagskreppan skall á Írlandi, hefur BIPA lagt áherslu á innri málefni en haldnir hafa verið ráðherrafundir þar sem fulltrúar norrænu og baltnesku landanna hafa tekið þátt ásamt Bretlandi. Það geta legið tækifæri í að þróa þessi tengsl nánar, einnig meðal þingmanna.

Ný svæðisbundin þingmannasamtök, einkum þau er ná til svæða sem áður voru hluti af Sovétríkjunum og á Balkanskaga, hafa undanfarin ár sýnt vaxandi áhuga á að læra af reynslu norrænnar samvinnu. Sama getur átt við Miðjarðarhafslönd í kjölfar arabíska vorsins. Það er uppörvandi að miðla reynslu til nýrra samstarfsaðila sem hafa sjálfir kosið að sækja innblástur í norrænt samstarf.

Norðurlandaráð getur átt þátt í að styðja við þingmannasamstarf á Balkanskaga með því að miðla reynslu og þekkingu. Vel má sjá fyrir sér fyrirlestraferð þar sem forseti eða varaforseti Norðurlandaráðs heimsækir höfuðborgir á svæðinu til að segja frá 60 ára reynslu af opinberu norrænu samstarfi á málþingum.

Norðurlandaráð

## **A 1571/præsídiet**

Lagt fram af:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:  
- Stefnuörkun  
Norðurlandaráðs í  
alþjóðamálum

Málsnúmer 12-00260-1